

**Spurningarlisti til hagsmunaaðila vegna tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/790 frá 17. apríl 2019 um höfundarétt og skyld réttindi á stafræna innri markaðnum (tilskipunin); spurningar og atriði til íhugunar.**

Við gerð þessa skjals var stuðst við spurningalista vegna samráðs við innleiðingu tilskipunarinnar í Noregi, sbr. spurningar og svör sem bárust frá hagsmunaaðilum, sjá [hér norsku skýrsluna](#). Einnig var höfð hliðsjón af sambærilegri undirbúningsvinnu í Svíþjóð, sjá hér [sænsku skýrsluna](#).

Vakin er athygli á að hagsmunaaðilum er frjálst að koma með frekari athugasemdir og tillögur þó svo þær falli ekki undir einstakar spurningar. Þá er vakin athygli á meðfylgjandi samantekt um tilskipunina þar sem t.d. er vísað í viðeigandi formálgreinar með þeim efnisgreinum tilskipunarinnar sem hér er spurt um. Formálgreinar varpa oft skýrari ljósi á efni efnisákvæða tilskipunarinnar.

*3. og 4. gr. Undanþága vegna texta- og gagnanáms.*

*3. gr.*

Ákvæðið fjallar um undanþágu til texta- og gagnanáms til handa rannsóknar- og menningararfsstofnunum í tengslum við vísindarannsóknir á verkum sem löglegur aðgangur er að. Ekki er hægt að semja sig frá þessari undanþágu. Rétthöfum skal vera heimilt að nýta aðgerðir til að tryggja öryggi og réttleika vefsíðna og gagnagrunna þar sem viðkomandi verk eða annað efni<sup>1</sup> eru hýst. Ekki er áskilnaður um endurgjald fyrir not á grundvelli undanþágunnar í 3. gr.

Takmarkanir og undanþágur<sup>2</sup> í höfundalögunum gilda flestar einnig um ljósmyndir sem njóta verndar skv. 49. gr. höfl. Slíkar ljósmyndir njóta hins vegar ekki verndar skv. ESB rétti og því taka ákvæði 3. og 4. gr. tilskipunarinnar ekki til þeirra.

*4. gr.*

Í ákvæðinu er að finna almenna undanþágu vegna texta- og gagnanáms sem er ekki bundin við rannsóknar- eða menntastofnanir, en byggir á því að rétthafi hafi ekki lagt bann við slíkri notkun.

Spurningar um 3. og 4. gr. tilskipunarinnar

1. Ættu ákvæði 3. og 4. gr. tilskipunarinnar að taka til ljósmynda sem njóta verndar skv. 49. gr. höfl. þrátt fyrir að tilskipunin kveði ekki á um það?
2. Ætti að túlka ákvæði 3. og 4. gr. tilskipunarinnar með þeim hætti þær taki til nota á öllu efni sem er aðgengilegt öllum á netinu án sérstakra aðgangstakmarkana.
3. Hvaða aðgerðir ættu að geta fallið undir ráðstafanir sem rétthöfum er heimilt að grípa til „til að tryggja öryggi og réttleika kerfa og gagnagrunna“, sbr. 3. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar?
4. Fela 3. og 4. gr. tilskipunarinnar í sér heimild til að setja efni á stafrænt form til að geta nýtt það í texta- og gagnanáms? Er munur á 3. og 4. gr. hvað það varðar?
5. Hvernig er hægt að koma á sameiginlegum staðli fyrir texta- og gagnanáms?
6. Tekur 3. gr. í einhverjum tilvikum til annarra aðila en rannsóknarstofnana og menningararfsstofnana? Er þá átt við hvort opinberir aðilar eða einkaaðilar í samstarfi við slíkar stofnanir geti nýtt sér undanþáguna.
7. Hvaða reglur ættu að gilda um varðveislu eintaka sem gerð hafa verið með heimild í 3. og 4. gr.?

<sup>1</sup> Hér eftir þegar talað er um verk er almennt átt við verk og annað efni sem nýtur verndar samkvæmt höfundalögum.

<sup>2</sup> Hér eru hugtökin „takmarkanir“ og „undanþágur“ notuð jöfnum höndum án þess að munur sé gerður á innihaldi hugtakanna

8. Er ástæða til að setja sérstakar reglur um almennt viðurkenndar bestu starfsvenjur sem réttahafar, rannsóknarstofnanir og menningararfsstofnanir skulu fylgja þegar framkvæmdar eru skyldur og ráðstafanir sem kveðið er á um í 2. og 3. mgr. 3. gr.

*5. gr. Undanþága vegna stafrænna nota, þ.m.t. nota yfir landamæri, á vegum menntastofnana.*

Ákvæðið veitir undanþágu frá einkarétti höfunda hvað varðar stafræn not bæði eintakagerð og að gera eintök aðgengileg, þ.m.t. nota yfir landamæri, á vegum menntastofnana. Notin mega ekki vera í hagnaðarskyni. Not skulu vera á ábyrgð menntastofnunar, og fara fram innan veggja hennar eða á öðrum stöðum, eða innan öruggs rafræns umhverfis sem er aðeins aðgengilegt nemendum og kennurum menntastofnunarinnar. Heimilda skal getið við not undanþágunnar svo framarlega sem slíkt er mögulegt. Hægt er að undanskilja efni og/eða not sem auðveldlega er hægt að semja um leyfi fyrir. Almennt er talið að samningskvaðaleyfi teljist slík leyfi. Not á grundvelli þessarar undanþágu teljast eingöngu eiga sér stað í því landi þar sem viðkomandi menntastofnun sem nýtir sér undanþáguna er staðsett. Það á bæði við á grundvelli takmörkunar og leyfa. Heimilt er að semja um endurgjald (bætur) fyrir not á grundvelli undanþágunnar.

9. Tilskipunin heimilar að kveðið sé á um að tiltekin verk eða tiltekin not séu undanskilin þeirri heimild sem ákvæðið veitir, svo sem nótnablöð eða efni sem er einkum ætlað menntastofnunum og að því marki sem nytjaleyfi sem heimila aðgerðirnar eru auðfengin á markaði. Ætti að undanskilja ákveðin verk eða not frá undanþágunni? Ef svo er hvaða verk eða not væri þar um að ræða og hvaða rök ættu við slík tilfelli? Sjá t.d. samningskvaðaheimildir í 18. gr. höfl. og 2. mgr. 26. gr. a höfl.
10. Hvaða sjónarmið ætti að leggja til grundvallar um það hvað teljist not „til skýringar“ við kennslu?
11. Á að kveða á um bætur fyrir not á grundvelli undanþágu sem sett yrði skv. 5. gr. tilskipunarinnar, sbr. heimild í 4. mgr. 5. gr.? Skiptir máli í því sambandi hvort undanþágan verði takmörkuð við verk eða not sem ekki er hægt að fá samningskvaðaleyfi fyrir?
12. Ef settar yrðu undanþágur til viðbótar við samningskvaðaleyfi hvernig er hægt að meta hvort not á grundvelli undanþágu skaði réttahafa og hversu mikill þyrfti tjónið að vera til þess að ákvarðaðar verði bætur?
13. Ættu ákvæði 5. gr. tilskipunarinnar að taka til ljósmynda sem njóta verndar skv. 49. gr. höfl. þrátt fyrir að tilskipunin kveði ekki á um það?
14. Er ástæða til að fastsetja hversu stóran hlut einstakra tegunda verka megir nota á grundvelli undanþágunnar, sbr. formálgrein 21 í tilskipuninni?
15. Á að takmarka undanþáguna við birt verk eða útgefin, sbr. 3. gr. höfl.?

*6. gr. Undanþága til eintakagerðar, í hvaða formi sem er, til handa menningararfsstofnunum vegna varðveislu menningararfsins.*

16. Er þörf á breytingum á 12. gr. höfl., sem fjallar m.a. um eintakagerð safna á verkum í varðveislu- og öryggisskyni, til að innleiða 6. gr. tilskipunarinnar?
17. Nær heimild 1. mgr. 12. gr. höfl. þar sem er að finna undanþágu til hagsbóta fyrir tiltekin söfn (nánar tiltekið opinber skjalasöfn, almenningsbókasöfn, háskólabókasöfn, önnur bókasöfn er njóta opinberra styrkja í starfsemi sinni, önnur opinber söfn og söfn er falla undir safnalög), til þeirra sem 6. gr. tilskipunarinnar er ætlað að ná til, þ.e. til menningararfsstofnana? Þyrfti að taka upp hugtakið „menningararfsstofun“ eða getum við notað skilgreiningu 1. mgr. 12. gr.?
18. Ákvæði 12. gr. höfl. taka til allra verka sem njóta verndar skv. lögnum; tilskipunin og ákvæði hennar taka ekki til ljósmynda sem njóta verndar skv. 49. gr. höfl. – ef þörf er breytinga á

höfundalögum vegna innleiðingar 6. gr. tilskipunarinnar er ástæða til að undanskilja slíkar ljósmyndir?

*7. gr. Sameiginleg ákvæði um undanþágur 3. – 6. gr. tilskipunarinnar.*

Í 7. gr. er kveðið á um að ekki sé hægt að semja sig frá undanþágum sem veita skal skv. 3., 5. og 6. gr. og að þriggja þrepa viðmiðið sem sett er fram um takmarkanir í 5. mgr. 5. gr. tilskipunar 2001/29/EB gildi einnig um þessar takmarkanir. Ákvæði 5. mgr. 5. gr. tilskipunar 2001/29/EB er svo hljóðandi: „Undanþágum og takmörkunum, ..., skal aðeins beitt í tilteknum sértílvikum sem stríða ekki gegn eðlilegri hagnýtingu verks eða annars efnis og skerða ekki með ósanngjörnum hætti lögmeta hagsmunir rétthafa.“

19. Á að túlka ákvæði 7. gr. þannig að ESB löggjafinn hafi þegar beitt þriggja þrepa viðmiðinu eða að því skuli beita aftur í hverju ríki fyrir sig?

*8. gr. – 11. gr. Not menningararfsstofnana á verkum í söfnum sínum sem ekki er lengur hægt að fá á almennum markaði.*

*8. gr.*

Í 8. gr. tilskipunarinnar er kveðið á um heildarleyfiskerfi sem menningararfsstofnanir geta nýtt sér til nota á ákveðnum verkum í safnkosti sínum. Ákvæðið skyldar aðildarríkin til að kveða á um að þegar umsýslustofnanir semja um not menningararfsstofnana á verkum sem eru í safnkosti þeirra og sem ekki eru lengur fáanleg á almennum markaði (e. out-of-commerce) og notin eru ekki í ágóðaskyni og útiloka ekki samninga um not annarra á sömu verkum (e. non-exclusive licence) þá megi slíkir samningar binda rétthafa sem ekki eru félagar í viðkomandi umsýslustofnun að ákveðnum skilyrðum uppfylltum (útvíkkuð heildarleyfi). Þau skilyrði eru að viðkomandi umsýslustofnun sé í fyrirsvari fyrir verulegum hluta höfunda verka á viðkomandi sviði, að jafnræðis sé gætt á milli rétthafa og að allir rétthafar geti bannað not undir slíkum samningi. Ákvæði 2. og 3. mgr. 8. gr. kveða á um að ef ekki er fyrir hendi umsýslustofnun sem er í forsvari fyrir þá rétthafa sem safnkostur viðkomandi menningararfsstofnunar tekur til skulu aðildarríki lögfesta undanþágu til handa þeim menningararfsstofnunum um not slíkra verka sem eru ekki lengur fáanleg á almennum markaði. Notkun á grundvelli slíkrar undanþágu er háð því að rétthafi banni hana ekki.

Hér á landi er líklegt að samningskvaðaákvæði höfundalaga taki til þeirra nota sem um ræðir í 8. gr. tilskipunarinnar, sbr. 12. gr. b höfl., sem reyndar tekur eingöngu til birtra verka, sbr. 1. mgr. 3. gr., en þá má líka nota 2. mgr. 26. gr. a sem takmarkast ekki við birt verk ef önnur skilyrði þess ákvæðis eru uppfyllt. Það ákvæði var m.a. samið með þarfir safna í huga. Það er spurning hvort eftir sem áður þurfi að setja ákvæði um undanþágu til að innleiða að fullu 8. gr. tilskipunarinnar.

Þá er gert ráð fyrir að leyfi þau sem ákvæði 8. gr. tilskipunarinnar taka til nái til nota yfir landamæri, sbr. 9. gr. tilskipunarinnar sem kveður á um að heildarsamningur á grundvelli 8. gr. geti heimilað menningararfsstofnunum í öðrum aðildarríkjum sömu not, þ.e. slíkir samningar geta heimilað not yfir landamæri.

*9. gr.*

Þá er kveðið á um í 9. gr. að not samkvæmt undanþágu þeirri sem er að finna í 2. mgr. 8. gr. skuli einungis vera talin eiga sér stað í því aðildarríki sem sú menningararfsstofnun sem notar verkið er staðsett. Þetta þýðir að jafnvel þó ekki verði talið að setja þurfi viðbótarákvæði um samningskvöð til

að innleiða 8. gr. tilskipunarinnar þarf að setja ákvæði til að tryggja að hægt sé að beita samningskvaðaleyfum yfir landamæri.

*10. gr.*

Ákvæðið kveður á um upplýsingaskyldu um þau verk sem notuð eru á grundvelli slíkra útvíkkaðra heildarleyfa eða undanþágu skv. 2. mgr. 8. gr. og að slíkar upplýsingar skuli birta í sameiginlegri netgátt á vegum hugverkastofu Evrópusambandsins. Þá kveður 11. gr. á um samtal og samvinnu hagsmunaaðila um framkvæmd 8. gr. tilskipunarinnar.

Spurningar um 8. – 11. gr. tilskipunarinnar

20. Hvaða afleiðingar hefur innleiðing á 8. gr. á núgildandi samningskvaðareglur?
21. Hvernig verða skilin á milli nýs ákvæðis til innleiðingar á 8. gr. og ákvæða 12. gr., 12. gr. a og 12. gr. b höfl.?
22. Er rétt að setja reglur um hvernær verk teljist ekki lengur fánleg á almennum markaði í skilningi 8. gr. tilskipunarinnar?
23. Hvaða kröfur ætti að setja um afmörkun slíkra verka, þ.e. hvenær verk teljist ekki lengur fánleg á almennum markaði? Hvaða kosti og ókosti gætu slíkar reglur haft í för með sér?
24. Hvað á að teljast „eðlilegar ráðstafanir“ til að finna út hvort verk sé ekki lengur fánlegt á almennum markaði? Og hvaða viðurlög ætti að setja við því ef ekki eru gerðar „eðlilegar ráðstafanir“?
25. Hvernig má tryggja með lögum að verk sem ekki eru fánlega á almennum markaði geti verið notuð þvert yfir landamæri á grundvelli innleiðingar 8. gr. tilskipunarinnar?
26. Er nauðsynlegt að lögfesta frekari kröfur um upplýsingaskyldu en gert er ráð fyrir í 10. gr. tilskipunarinnar?
27. Ætti það að vera á ábyrgð menningararfsstofnunarinnar sjálfrar að framsenda upplýsingar til netgáttar Hugverkastofu Evrópusambandsins eða ætti slíkt að vera í höndum miðlægrar landsmiðstöðvar?
28. Hvernig er best að standa að samtali og samvinnu hagsmunaaðila, sbr. 11. gr. tilskipunarinnar.

*12. gr. Landsbundnar samningskvaðaheimildir.*

Ákvæði 12. gr. heimilar aðildarríkjum að lögfesta samningskvaðaákvæði (samningskvöð) sem gilt geta um landsbundna samninga á því sviði sem samningskvöðin tekur til. Með samningskvöð er átt við það að ákveðið er með lögum að notendum verka, sem varin eru af höfundarétti og sem gert hafa samning við sameiginlega umsýslustofnun á sviði höfundaréttar um notkun á verkum félagsmanna eða aðildarfélaga þeirra, skuli einnig vera heimilt að nýta verk höfunda sem standa utan slíkrar umsýslustofnunar enda séu verkin sömu tegundar og verk sem samningurinn tekur til og notkunin að öðru leyti háð ákvæðum samningsins. Skilyrði þess að slíkt sé heimilt er m.a. að viðkomandi umsýslustofnun hafi fullnægjandi fyrirsvar fyrir réttthafa viðkomandi tegundir verka og réttinda; að heimildinni sé aðeins beitt á sviðum þar sem íþyngjandi og óhagkvæmt er að afla heimildar einstakra réttthafa; að allir réttthafar njóti jafnrar meðferðar að því er varðar skilmála samningskvaðasamninga; að viðeigandi kynningarráðstöfunum sé beitt; að öllum rétthöfum sem ekki hafa veitt umsýslustofnuninni umboð, geti undanskilið verk sín frá samningskvaðasamningnum.

29. Í 26. gr. a höfl. eru ákvæði um hvaða kröfur séu gerðar til umsýslustofnana á sviði höfundaréttar sem geti gert samningskvaðasamninga. Hvaða breytinga gæti verið þörf á ákvæðum þeirrar greinar vegna innleiðingar 12. gr. tilskipunarinnar? Hvaða praktísku afleiðingar má gera ráð fyrir að verði af innleiðingu 12. gr. tilskipunarinnar.

30. Hvernig er best að innleiða ákvæði d. – liðar 2. mgr. 12. gr. tilskipunarinnar um kynningarráðstafanir? Ætti að kveða á um tilkynningaskyldu og þá jafnvel með frestunaráhrifum samnings þar til að ákveðnum tíma liðnum?

*13. gr. Fyrirkomulag samningaviðræðna.*

Ákvæði 13. gr. skylda aðildarríki til að tryggja að til staðar sé óhlutdrægur aðili eða stofnun sem aðstoði málsaðila (notendur og rétthafa) við samninga um beinlínuaðgang (e. video-on-demand) að kvikmyndum (e. audiovisual works).

31. Hugtakið „myndmiðlun eftir pöntun“ (e. video-on-demand services) er ekki skilgreint í tilskipuninni og ekki er í ESB rétti einhlít skilgreining. Myndmiðlun eftir pöntun fellur undir 2. tölul. 4. mgr. 2. gr. höfl. Er þörf á að skilgreina hugtakið nánar í höfundalögum?
32. Hvernig á að móta fyrirkomulagið að kvikmyndum þar sem fleiri en einn rétthafi er til staðar? Eiga notendur að hafa rétt til aðstoðar við samningsgerð við þá alla?

*14. gr. Sjónlistaverk sem ekki njóta lengur höfundaverndar.*

Í 14. gr. er kveðið á um að afurð af eintakagerð sjónlistaverka sem fallin eru úr höfundavernd skuli ekki njóta höfundaverndar nema afurð slíkrar eintakagerðar uppfylli frumleikaskilyrði höfundaverndar.

33. Hugtakið „sjónlist“ (e. visual art) er ekki skilgreint í tilskipuninni. Í höfundalögum er að finna upptalningu verka sem njóta verndar og er þar sérstaklega nefnd myndlist, byggingarlist, ljósmyndalist og nytjalist en ekki er um tæmandi talningu að ræða sbr. „og aðrar samsvarandi listgreinar“, sjá 2. mgr. 1. gr. höfl.. Er þörf á að breyta upptalningunni vegna hugtaksins sjónlist sem notað er í 14. gr. tilskipunarinnar?
34. 49. gr. höfl. kveður á um að ljósmyndir sem ekki uppfylla frumleikaskilyrði höfundalaga til að teljast verk sem njóta verndar skv. 2. gr. höfl. skulu njóta verndar. Er þörf á að breyta ákvæðum 49. gr. höfl. vegna 14. gr. tilskipunarinnar?

*15. gr. Vernd útgefins fréttæfnis.*

Ákvæðið kveður á um skyldu aðildarríkja til að veita útgefendum fréttæfnis einkarétt til eintakagerðar og stafrænni miðlun útgáfu sinnar á netinu sem vara skal í tvö ár. Í formálagrein 56 er undirstrikað að útgefið fréttæfni innihaldi að mestu samið mál, en einnig í auknum mæli aðrar tegundir verka og annars efnis, einkum ljósmyndir og myndbönd, sjá einnig skilgreiningu í 4. mgr. 2. gr. tilskipunarinnar um hvað telst útgefið fréttæfni. Einkaréttur útgefenda fréttæfnis skal á engan hátt hafa áhrif á rétt höfunda og annarra rétthafa í verkum sínum sem fellt er inn í útgefið fréttæfni. Þá gildir þessi einkaréttur ekki gagnvart einkanotum einstaklinga eða ófjárhagslegum notum einstaklinga og notkun tenglasætningar og tekur heldur ekki til einstakra orða eða mjög stuttra úrdrátta úr blaðagreinum. Höfundar efnis sem notað er í útgefið fréttæfni skulu fá viðeigandi hlutdeild í þeim tekjum sem útgefendur fréttæfnisins fá frá þjónustuveitanda á grundvelli þessa ákvæðis, sbr. 5. mgr. 15. gr. tilskipunarinnar.

35. Hvað er „viðeigandi hlutdeild“ skv. 5. mgr. 15. gr. tilskipunarinnar og hver á að meta það? Dómstólar eða t.d. úrskurðarnefnd á stjórnarsýslustigi?
36. Hvernig á að fara með innheimtu og dreifingu hlutdeildar höfunda skv. 5. mgr. 15. gr. tilskipunarinnar? Gæti samningskvöð verið gagnleg í þessu sambandi?
37. Hvaða þýðingu mun hin nýja vernd sem 15. gr. tilskipunarinnar kveður á um hafa?

16. gr. Kröfur um sanngjarnar bætur.

Í 16. gr. er að finna heimildarákvæði um að aðildarríki megi kveða á um að þegar höfundur hefur framselt rétt sinn til útgefanda þá sé slíkt framsal grundvöllur þess að útgefandinn eigi rétt á hlutdeild í bótum vegna notkunar verka á grundvelli takmarkana eða undantekninga í höfundalögum.

38. Ætti að nýta þetta heimildarákvæði og þá hvernig?

17. gr. Not höfundaréttarvarins efnis á netþjónustuveitum.

Ákvæðið eykur ábyrgð veitenda efnisdeilipjónustu á netinu, sbr. skilgreiningu í 6. tölul. 2. gr. tilskipunarinnar, og á að tryggja að efni sem varið er höfundarétti sé miðlað á efnisdeilipjónustunni með leyfi rétthafa eða á annan löglegan hátt.

Þannig er í 17. gr. tilskipunarinnar kveðið á um að það að veita aðgang að höfundaréttarvörðu efni á efnisdeilipjónustu teljist opinber flutningur eða miðlun til almennings, sbr. 2. gr. höfl., af hálfu veitenda slíkrar þjónustu. Það skyldar því veitanda slíkrar þjónustu til að afla sér leyfis rétthafa, t.d. með samningum. Takmörkun ábyrgðar sem 14. gr. tilskipunar 2000/31/EB um rafræn viðskipti á ekki við um þau tilvik sem falla undir 17. gr. tilskipunarinnar.

Ef veitendur efnisdeilipjónustu á netinu hafa ekki fengið samþykki rétthafa þá teljast þeir ábyrgir fyrir þeim óheimilu notum sem eiga sér stað í þeirra þjónustu nema ef þeir sýna fram á að þeir hafi gert sitt besta til að fá samþykki rétthafa og jafnframt gert sitt besta að koma í veg fyrir að óheimil verk séu á efnisdeilipjónustunni.

39. Ákvæði 17. gr. tekur til efnisdeilipjónustu sem eru í „mikilvægu hlutverki á markaðnum fyrir efni á netinu“ og „í samkeppni við aðrar efnisdeilipjónustur á netinu“, sbr. formálgrein 62. Hvernig verður slíkt metið? Eru einhverjar efnisdeilipjónustur hér á landi sem falla undir þá skilgreiningu?

40. Norræn rétthafasamtök hafa væntingar til að innleiðing ákvæða 17. gr. tilskipunarinnar leiði til tekjuaukningar rétthafa. Liggur fyrir mat um slíkt? Ef ekki hvernig er slíkt metið?

41. Hvernig er best að innleiða ákvæði 2. mgr. 17. gr. um gildissvið leyfissamninga? Mögulegar útfærslur eru: 1) Með því að lögfesta að samningar á milli veitanda efnisdeilipjónustu og rétthafa eigi einnig að gilda um notendur efnisdeilipjónustunnar, þ.e. útvíkkun samningsins til þeirra; 2) innleiða takmörkun í höfundalögin þess efnis að notendur efnisdeilipjónustu megi hlaða upp verkum sem veitendur þeirrar efnisdeilipjónustu hafa gert samninga um; eða 3) lögfesta að samningar á milli veitanda efnisdeilipjónustu og rétthafa skuli kveða á um rétt notenda skv. samningnum.

42. Er heimilt og ætti að útfæra frekar skyldu veitenda efnisdeilipjónustu til að afla samþykkis skv. 4. mgr. 17. gr.? Sem dæmi ef efnisdeilipjónusta tekur til mikils magns verka af ákveðinni tegund, er þá nægilegt að viðkomandi gerir samnings við umsýslustofnun sem kemur fram fyrir hönd rétthafa á viðkomandi sviði og stærri aðila, eða þarf veitandi efnisdeilipjónustunnar líka að semja við minni aðila? Getur veitandi efnisdeilipjónustu talist hafa gert sitt „ýtrasta til að afla heimildar“ ef þeir hafna samningum um leyfisveitingu, t.d. með vísan til að leyfisveitandi krefur of mikils endurgjalds?

43. Veitendur efnisdeilipjónustu skulu hindra aðgang að og fjarlægja efni sem þeim hefur borist tilkynning um frá rétthöfum, sbr. c.-liður 4. mgr. 17. gr. og um leið að tryggja að notendur geti hlaðið upp efni sem þeim er heimilt samkvæmt takmörkunum á höfundarétti, sbr. 7. mgr. 17. gr. Ákveðnar aðferðir við að hindra aðgang að ólöglegu efni munu í framkvæmd einnig mögulega hindra notendur í hlaða upp löglegu efni. Í tilskipuninni gerir því ráð fyrir að hagsmunamat skuli fara fram við not á slíkum aðferðum, þ.e. hagsmunamat á á mikilvægi þess að hindra aðgang að ólöglegu efni skv. 4. mgr. 17. gr. og þess að slíkar aðferðir geti

hindrað möguleika notenda að hlaða upp efni löglega skv. 7. mgr. 17. gr. Við hvað ætti að miða við slíkt hagsmunamat?

44. Að hve miklu leyti heimilar tilskipunin að veitendur efnisdeilipjónustu noti sjálfvirkar aðferðir, þ.m.t. sjálfvirkar síur, til að hindra aðgang að efni sem rétt hafar hafa sent tilkynningu um skv. c. – lið, 4. mgr. 17. gr.? Er hætta á að slíkar sjálfvirkar aðgerðir muni í raun hindra að hægt sé að hlaða upp löglegu efni skv. 7. mgr. 17. gr.?
45. Takmarkanir á höfundarétti vegna tilvitnana, gagnrýni, lista- eða ritdóma, sbr. 14. gr. höfl., ásamt notum vegna skopmynda, skopstælinga eða annarrar stælingar hafa hingað til verið álitnar valkvæðar fyrir aðildarríki. Með tilskipuninni teljast þessar takmarkanir skyldubundnar. Leiðir 2. mgr. 7. mgr. 17. gr. til þess að breyta þurfi íslensku höfundalögunum?
46. Í ljósi þess að 17. gr. er ekki í upptalningu 23. gr. tilskipunarinnar um ákvæði sem ekki er heimilt að víkja frá með samningum mættu veitendur efnisdeilipjónustu kveða á í sínum samningum að aðrir skilmálar gilda um not af þeirra þjónustum en sem leiðir af ákvæðum 17. gr.?
47. Hvernig ætti að koma á fyrirkomulagi til að leysa úr málum utan dómstóla á grundvelli 9. mgr. 17. gr.? Hver ætti að bera málskostnað?

*18. - 23. gr. Ákvæði um sanngjarna þóknun í samningum við höfunda og listflytjendur um hagnýtingu.*

Í 3. kafla IV. bálks tilskipunarinnar er að finna ákvæði um sanngjarna eða viðeigandi þóknun, eftir atvikum, til höfunda og flytjenda í samningum um hagnýtingu. Kveðið er á um að í löggjöf aðildarríkjanna skuli taka tillit til aðstæðna hjá ólíkum hópum rétthafa.

48. Er þörf á við innleiðingu ákvæða í 3. kafla IV. bálks tilskipunarinnar að hafa sérákvæði um mismundi hópa (geira) rétthafa? Ef svo er hvaða sérákvæða er þörf? Og hvers efnis þyrftu slík ákvæði að vera? Sjá frekari spurningar um einstök ákvæði kaflans hér að neðan.
49. Í íslenskri þýðingu tilskipunarinnar eru orðin „appropriate“, sbr. t.d. fyrirsögn 18. gr., og „relevant“ bæði þýdd sem „viðeigandi“, sbr. t.d. 1. mgr. 19. gr. – skiptir það máli efnislega?

*18. gr. Meginreglan um viðeigandi og hlutfallslega þóknun.*

Í 18. gr. er kveðið á um þá meginreglu að þóknun skuli verða viðeigandi og í réttu hlutfalli í samningum sem heimila notkun verka og flutning þeirra. Við innleiðingu ákvæðisins skal taka tillit til meginreglunnar um samningsfrelsi og sanngjarnt jafnvægi réttinda og hagsmuna.

50. Við hvaða aðstæður getur eingreiðsla talist vera „viðeigandi og hlutfallsleg þóknun“? Hvernig geta samningsaðilar metið hvort eingreiðsla sé „viðeigandi og hlutfallsleg þóknun“ ef samningsaðilarnir vita ekki fyrir víst hvaða tekjur verði af notkun verksins?
51. Hvernig á að meta samninga um notkun án endurgjalds, sbr. formálgrein 82, með hliðsjón af 18. gr. og 20. gr.?
52. Er munur á milli „appropriate and proportionate“ (þýtt sem „viðeigandi og hlutfallslegt“) þóknunar í 18. gr. tilskipunarinnar og „appropriate and fair“ (þýtt sem „viðeigandi og sanngjarnt“) þóknun í 20. gr. tilskipunarinnar?
53. Er orðalag 1. mgr. 20. gr. um „saming ... um hagnýtingu réttinda“ (e. contract for the exploitation of rights) víðtækara en orðalag 1. mgr. um að „veita nytjaleyfi eða framselja einkarétt sinn til hagnýtar á verkum“ (e. license or transfer their exclusiver rights for the exploitation of ... works) eða felst einhver merkismunur í þeim?

19. gr. Gagnsæiskrafa.

Í 19. gr. er kveðið á um upplýsingaskyldu gagnvart höfundum og flytjendum um notkun og þóknun fyrir notkun verka og flutnings á grundvelli nytjaleyfa og annarra samninga.

54. Hvað teljast viðeigandi upplýsingar skv. 19. gr? Væntanlega er það misjafnt eftir geirum; á það að koma fram í löggjöfinni og þá hvernig?
55. Hvernig eiga handhafar réttinda skv. samningi sem hafa leyfi til notkunar fjölda verka, þ.m.t. verka með fleiri en einum höfundi, að uppfylla kröfur um gagnsæi skv. 19. gr.?
56. Hvernig skal fara með tilvik þar sem „viðeigandi“ upplýsingar til höfunda og/eða flytjanda teljast viðskiptaleyndarmál leyfishafa?
57. Samkvæmt formálgrein 74 þá er gagnsæiskröfunnar ekki þörf eftir að notkun hefur verið hætt. Hvernig eiga höfundar eða flytjendur að geta greint á milli tilvika þar sem notkun hefur verið hætt og tilvika þar sem notkun er enn til staðar án þess að upplýsingar séu gefnar um slíkt?
58. Hvernig ætti beiðni um upplýsingar til undirnytjaleyfishafa, sbr. 2. mgr. 19. gr., að vera sett fram, og hvernig á að miðla upplýsingum frá undirnytjaleyfishafa til höfunda eða flytjenda eða fulltrúa þeirra, t.d. beint eða óbeint í gegnum aðalleyfishafa?
59. Á Ísland að nýta sér möguleikann í 3. mgr. 19. gr. til að takmarka upplýsingaskylduna við þær tegundir og það umfang upplýsinga sem búast má við að unnt sé að láta af hendi með góðu móti á grundvelli hagsmunamats m.t.t. rekstrarlegs álags vegna skyldunnar og þeirra tekna sem hagnýting verksins eða listflutningsins skapar? Ef svo væri hvenær ætti sú takmörkun rétt á sér? Hvenær ætti að telja rekstrarlegt álag vegna upplýsingaskyldunnar óhóflegt? Hvers konar upplýsingar og í hvaða umfangi skulu teljast hæfilegar upplýsingar svo unnt sé að beita takmörkunarheimildinni?
60. Hvaða sérstöku aðstæður í mismunandi geirum skal litið til við innleiðingu upplýsingaskyldunnar? Ætti slíkt að vera gert með löggjöf sem tekur mið af einstökum geirum eða á annan hátt?
61. Ætti Ísland að nýta sér möguleikann á að takmarka upplýsingaskyldu þegar framlag höfundar eða listflytjanda er óverulegt, sbr. 4. mgr. 19. gr? Ef svo væri hvenær ætti að telja framlag höfundar eða listflytjanda óverulegt?
62. Ætti Ísland að hafa sérákvæði um upplýsingaskyldu vegna samninga sem byggjast á rammamunum, sbr. heimild í 5. mgr. 19. gr.?
63. Ætti að setja viðurlög við brotum á upplýsingaskyldu skv. 19. gr. og ef svo er í hverju ættu þau að felast?

20. gr. Fyrirkomulag til aðlögunar samninga.

Í 20. gr. er kveðið á um að höfundar og flytjendur skuli eiga rétt á að krefjast viðbótarþóknunar frá framsalshafa leyfissamnings ef í ljós kemur að upprunalegar greiðslur eru óeðlilegar lágar í samanburði við tekjur sem koma til vegna hagnýtingar verkanna eða listflutningsins skv. viðkomandi framsalssamningi.

64. Er rétt að tengja innleiðingu 20. gr. tilskipunarinnar við ákvæði 47. gr. b höfl. um viðbótarþóknun listflytjanda sem hlotið hefur eingreiðslu fyrir hljóðrit af listflutningnum?
65. Hvernig má túlka hugtakið „hlutfallslega lág þóknun“ í 20. gr. tilskipunarinnar með tilliti til ógildingarheimildar um „ósanngjarna samninga“ í 36. gr. samningalaga nr. 7/1936? Þarf að setja sérákvæði í höfundalög til að innleiða ákvæði 20. gr. tilskipunarinnar eða nægir ákvæði 36. gr. samningalaga? Ef sett yrði sérstakt ákvæði í höfundalög hvernig myndi það tengjast



ákvæði 36. gr. samningalaga? Gengi ákvæði höfundalaga framur ákvæði 36. gr. samningalaga eða yrði þeim beitt samhliða?

66. Hver eru tengslin á milli ákvæðis 1. mgr. 20. gr. um „viðeigandi og sanngjörn viðbótaþóknun“ og ákvæðis 18. gr. um „viðeigandi og hlutfallsleg þóknun“ ?
67. Ætti í frumvarpi til innleiðingar á tilskipuninni að vera kveðið á um að fulltrúar höfunda eða listflytjenda geti krafist viðeigandi og sanngjarnrar viðbótaþóknunar skv. 20. gr.? Samkvæmt formálgrein 78 skulu fulltrúar höfunda eða listflytjanda halda trúnað um deili á þeim höfundum og listflytjendum sem þeir eru fulltrúar fyrir svo lengi sem það er hægt.
- Hvernig er unnt að meta hvort upphafleg þóknun hafi verið hlutfallslega lág í samanburði við síðari tekjur af hagnýtingu verkanna eða listflutningsins án þess að gera grein fyrir hver viðkomandi höfundur eða listflytjandi er?
  - Hvernig er hægt að kveða á um þetta við innleiðingu ákvæðis 20. gr.?

#### *21. gr. Málsmeðferð til lausnar deilumálum utan dómstóla.*

Samkvæmt 21. gr. skulu aðildarríki kveða á um að vísa megi deilum vegna ákvæða 19. og 20. gr. í valfrjálsa málsmeðferðar til lausnar deilumálum utan dómstóla.

68. Samkvæmt 21. gr. skal það vera valfrjálst fyrir aðila að leysa deilumál utan dómstóla en samkvæmt 23. gr. og formálgrein 81 má ekki víkja frá ákvæðum um valfrjálsa málsmeðferð utan dómstóla í samningum. Hvaða afleiðingar hefur það? Getur einn aðili samnings þá ávallt krafist og þá jafnvel þvingað mótaðila í málmeðferð utan dómstóla jafnvel þó sá aðili vilji fremur dómstólameðferð?
69. 21. gr. tekur ekki til 18. gr. um viðeigandi og hlutfallslega þóknun. Fellst í því að ekki er sama þörf á að leysa slík deilumál utan dómstóla? Hver eru tengsl þessa ákvæðis við ákvæði 3. mgr. 26. gr. d höfl. um að réttthafar skuli fá viðeigandi þóknun fyrir notkun á réttindum þeirra?
70. Hvernig ætti málsmeðferð skv. 21. gr. að vera?
71. Hvernig ætti samspil slíkrar málsmeðferðar og mögulegrar síðari dómstólameðferðar að vera?
72. Hver eru tengsl 21. gr. tilskipunarinnar við t.d. ákvæði 4. mgr. 26. gr. e höfl. um álitamál um upplýsingaskyldu skv. 1. – 3. mgr. 26. gr. e höfl.?

#### *22. gr. Réttur til afturköllunar.*

Í 22. gr. er kveðið á um rétt höfunda og flytjenda til að afturkalla eða ógilda framsals- eða leyfissamning ef verkin eru ekki nýtt undir þeim samningi. Aðildarríkjum er frjálst að útfæra slíkan rétt að mestu leyti en er þó skylt að kveða á um að slík afturköllun geti ekki átt sér stað fyrir en að liðnum hæfilegum tíma frá því að nytjaleyfi er veitt eða réttindi framseld. Þá skal höfundur eða listflytjandi láta þann aðila, sem veitt hefur verið nytjaleyfið fyrir réttindunum eða sem réttindin hafa verið framseld til, vita um fyrirhugaða afturköllun og setja viðeigandi frest til að hefja hagnýtingu.

73. Er þörf á mismunandi innleiðingu þessa ákvæðis eftir geirum?

*Að lokum er aftur undirstrikað að hagsmunaaðilum er frjálst að koma með frekari athugasemdir og tillögur þó svo þær falli ekki undir einstakar spurningar.*